

Sp.

541. Tillaga til þingsályktunar

um skipun millipinganeftndar til að endurskoða löggjöfina um gjaldeyrismál og innflutningshömlur.

Flm.: Magnús Jónsson, Bernh. Stefánsson, Erlendur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna millipinganeftnd til þess að endurskoða löggjöfina um gjaldeyrisverzlun og innflutningshömlur. Neftndin leggi áherzlu á að athuga, hvaða skipun þessara mála hæfi bezt því ástandi, sem nú er.

Ennfremur rannsaki neftndin sérstaklega, hvaða ástæður þurfi að vera fyrir hendi til þess að fært sé að afnema innflutningshömlur þær, sem nú gilda, og með hvaða hætti það yrði framkvæmt.

Neftndin velur sér sjálf formann. Kostnaður við neftndina greiðist úr rikissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram samkvæmt samkomulagi innan stuðningsflokka stjórnarinnar og miðar að því að fá lausn á því ágreiningsmáli, sem þar ræðir um.